

7. fundur - Stjórnarfundur foreldrafélags Réttó - 05.03.2019

Mættir eru: Ingunn Mary, Björk, Gunnhildur, Guðrún, Kári, Hildur, Elísa, Sigrún, Jóhann Gunnar, Áslaug, Gígja

Dagskrá:

Fyrirlestur – vor
Árshátíð - 6. mars
Páskabingó
Leikhús – Fyrsta skiptið í Gaflaraleikhúsinu
Foreldraþorpið
Spilakvöld - áætlað 27. mars
Fjáröflunarnefnd - vor
Starfsreglur foreldrafélagsins - hver tekur að sér að gera drög
Fréttir af samstarfi í hverfinu
Annað

Efni fundarins

Fyrirlestur vor

Fyrirlestur eftir páska á vegum Stjórnar foreldrafélags Réttaholtsskóla. Ákveðið var að ræða við KVAN um að hafa fyrirlestur í byrjun maí. **Brynja hefur samband við KVAN.**

Árshátíð 6. mars

Árshátíð Réttaholtsskóla er á morgun. Mæting hjá þeim sem vinna á árshátíðinni er kl. 18, nema að annað verði tekið fram. Mögulega verða foreldrar beðnir að mæta kl. 17. Mikilvægt að þeir sem geta aðstoðað mæti.

Rætt um að foreldafélagið sendi í samráði við skólann bréf til foreldra um að börnin þeirra fari beint heim eftir árshátíð skólans. Umræða hefur verið hjá börnunum um að leigja rútu fyrir party eftir árshátíðina. Minnt á útivistartímann o.fl. Sagt verður frá vestum fyrir foreldra vegna foreldraröls. **Formenn senda póst til skólans.**

Páskabingó

Undirbúningur verður með sama sniði og í fyrr. Skjal frá því í fyrra verður sent á þá sem eru í bingónefndinni, það verður svo fyllt út jafnóðum. Fylla þarf í allar stöður. Bingóstjóri, aðstoðarmaður, sá sem afhendir bingóvinninga, raða borðum, selja inn, raða vinningum saman o.fl. athuga með Matta sem bingóstjóra. **Ákveðið var að halda bingóið 10. apríl.**

Leikhús 14. mars

Stjórnin fékk tilboð í miða á sýningu Gaflaraleihússins 14. mars fyrir nemendur og foreldra. Það þarf að skrá sig fyrir 7. mars hjá Gaflaraleikhúsinu. **Íris tekur að sér að minna á.**

Foreldraþorpið – 20 mars – þurfum við að auglýsa það betur?

20. mars er Foreldraþorpið með fyrirlestur um klám í sal Réttarholtsskóla. Andrea og Hildur Björk eru fulltrúar stjórnar þar. **Mikilvægt að auglýsa þetta vel t.d. á fb. Íris ætlar að minna á en aðrir eru beðnir að minna á þetta einnig.**

Spilakvöld – áætlað 27. mars

Unnið hefur verið að því að finna tíma til að halda spilakvöld og nú er ljóst að það mun ekki nást, **því er lagt til að spilakvöldi verði frestað til haustsins**, ástæðan er sú að Spilavinir eiga ekki laust kvöld sem hentar fyrir svona stóran atburð. **Ákveðið var að nefndin muni í staðinn aðstoða bingónefndina við páskabingóið.**

Fjáröflunarnefnd – vor

Fjáröflun, vantar einhvern til að halda utan um það, **auglýst verður eftir fólki á fb.**

Starfsreglur foreldrafélagsins – hver tekur að sér að gera drög

Starfsreglur foreldrafélagsins. Á námskeiði sem stjórnarformenn fóru á kom fram að Foreldrafélaginu ber að hafa starfsreglur. **Það þarf að gera drög að slíkum reglum, Björk og Áslaug munu fara í það verkefni.** Gerður verður rammi um þá vinnu sem verið er að vinna. Einnig kom fram að foreldrafélagið eigi að vera með plan yfir vinnu sína og að það sé sýnilegt. Slíkt plan er til. Einnig kom fram að og að foreldrafélag og nemendafélag eigi að hittast um það bil tvisvar á ári. Stefnt er að því að finna fundartíma með nemendafélaginu.

Fréttir af samstarfinu í hverfinu

Næsta haust er stefnt að sameiginlegri vinnu milli skóla í hverfinu, íþróttafélaga o.fl. Nefnd er komin í málið. Fulltrúi foreldra er Arna, sem er í foreldrafélaginu í Breiðagerðisskóla.

Annað

Auglýsing hefur borist til stjórnar foreldrafélagsins t.d. með peysum og húfum sem hægt er að nota í fjáröflun. Nemendur hafa sjálfir verið með slíkar peysur. Ákveðið að láta þau fá auglýsinguna.

Næsti fundur er 2. apríl, þá verður rætt m.a. rætt um: fjáröflun, vor fyrirlestur, páskabingó, og gjöf til skólans.